



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hagaborg

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	4
3 Innra mat xxx deildar	8
4 Innra mat sérkennslu.....	20
5 Innra mat – fjöltyngd börn	23
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
10 Fylgigögn.....	27
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	27



Leiðarljós leikskólans er



1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið sem senn er á enda innihélt ýmsar breytingar á starfsemi Hagaborgar. Ákveðið var að stækka Hagaborg og fengum við færanlega kennslustofur á lóðina okkar. Húsið fékk nafnið Drekaland. Settur var kassi í miðrymi og gátu bæði börn og fullorðnir skrifað hugmynd sína á miða. Þegar búið var að fara yfir miðana kom í ljós að Drekaland var það nafn sem oftast var nefnt. Byrjað var að grafa fyrir húsinu í lok júlí 2022 og var húsið tekið í notkun í desember sama ár. Við höfðum hálfan garðinn síðasta haust og voru flest leiktæki á bak og burt. En börnin voru ótrúlega hugmyndarík að búa sér til annars konar leiki og þetta gekk bara nokkuð vel. Þegar leið að því að húsið væri tilbúið þá var ákveðið að Grandaborg fengi það til afnota og fluttu þau inn rétt fyrir jól. Einn deildarstjóri af Hagaborg, Halldór Halldórsson fluttist yfir og var með þeim í vetur. Samstarfið hefur gengið vel og auðgað okkar starf ef eitthvað er. Næsta vetur munum við vera með ellefu börn í Drekalandi með Grandaborg. Halldór Halldórsson mun verða þar áfram auk annars starfsmanns frá okkur.

Í Hagaborg hefur ekki verið aðstoðarleikskólastjóri í nokkur ár en við vorum svo heppin að fá aðstoðarleikskólastjóra, Bryndísi Hönnu Hreinsdóttur um áramótin og hefur hún reynt okkur sannkallaður gullmoli.

Þróunarverkefni um eflingu sjálfstraust og sjálfseflingu í gegnum tónlist hefur verið í gangi hjá okkur síðast liðna þrjá vetur. Nú er því að ljúka og verið er að leggja lokahönd á samantekt um það. Næst er hægt að sækja um þróunarstyrk Menntastefnu Reykjavíkurborgar í haust. Reikna má með að hann verði nýttur í fræðslu varðandi námsumhverfi barna og sjálfsprottinn leik.



Starfsmannahópurinn í Hagaborg fékk fræðslu á starfsdögum á árinu. Fræðst var um virkni yngri barna á sameiginlegri ráðstefnu. Þá fengum fyrir fyrirlestur um fordóma og upprifjun á kennsluaðferðinni „Leikur að læra“. Núvitund og jákvæð sálfræði fékk einnig sitt pláss og fengum við góðan fyrirlestur um jákvæðni í skólastarfi.

Foreldrasamstarf hefur aukist á ný eftir heimsfaraldurinn og voru foreldrum boðið inn í kaffi á haustönn og vorönn. Einnig voru foreldraviðtöl sömuleiðis á haustönn og vorönn. Foreldrafélagið hélt einnig sumarhátíð þar sem foreldrar, börn og starfsfólk kom saman. Samstarf skóla og foreldra er hluti af farsæld barna og mikilvægt að auka það sem mest á komandi ári.



Á komandi starfsári er áætlað að fara í nokkrar áherslubreytingar í starfinu. Endurskoðuð aðalnámskrá leikskóla er væntanleg þar sem sjónum er meira beint að sjálfsprottnum leik barna. Við munum setja minni áherslu á kennsluaðferðina „Leikur að læra“ en beina sjónum okkur meira að leik barna og námsumhverfi þeirra. Þá verður námskrá leikskólans endurgerð með tilliti til þessa. Hagaborg hefur verið 5 deilda leikskóli en næsta vetur verður hann 6 deilda leikskóli þar sem við verðum með hluta að Drekalandi fyrir okkur. Samstarf við Grandaborg hefur verið gott og mun væntanlega verða enn meira á komandi ári og gefa okkur innblástur í komandi breytingar.

Kæru foreldrar, börn og starfsfólk í Hagaborg, takk fyrir allt samstarfið á árinu sem er að líða. Vissulega hafa verið margar áskoranir í starfinu ekki síst vegna tilkomu nýs húss á lóðina og öllu því raski sem því fylgir. Leikskólasamfélagið í Hagaborg hlakkar til að takast á við næsta vetur þar sem mörg spennandi verkefni eru framundan. Áherslubreytingar í starfi og efling lærdómssamfélagsins verða í brennidepli ásamt auknu foreldrasamtarfi.

Erna Guðlaugsdóttir leikskólastjóri

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat

Á starfsdegi í janúar fengu allar deildir eyðublað með spurningum varðandi hvíldina, samverustundir og starfsáætlun síðasta árs. Markmiðið var að fá umræður um hvíldina en



borið hafði á því að bæði starfsmenn og börn á tveimur deildum væru ekki nægilega ánægð með hana. Eins með samverustundir að fá umræður um hvort hópar væru of stórir og hvort málörvun skilaði sér nægilega vel í þeim. Einnig hvernig málörvun í fyrir tvítyngd börn væri á deildinni. Þriðji liðurinn á eyðublaðinu var tengdur starfsáætlun og hvernig gengið hefði að fara eftir umbótaáætlun síðasta árs.

Með vorinu var greinilegt að endurmatið hafði skilað sér þar sem hvíldin var komin í annað horf á þessum tveimur deildum. Áfram þarf að vinna með samverustundirnar og mörg tækifæri til úrbóta næsta vetur.

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Hvíldarstund	Á starfsdegi þar sem starfsmann ræddu ákveðin atriði sem lögð voru fyrir	Starfsmenn	Allir telja að börnin hafi gott af því að slaka á og vera í ró. Hvíldin er mislöng eftir aldri barnanna. Yngri deildar hlusta á rólega tónlist en þær eldri sögur eða lesið er fyrir þau. Þrjár deildir eru með tvískipta hvíld sem gengur vel. Helmingur leggst þá á dýnu en hinn er í rólegum borðleikjum. Starfsmönnum finnst einnig gott að vera í ró á þessum tíma. <u>Tækifæri til umbóta</u> : á einhverjum deildum þarf að endurnýja lök og teppi fyrir starfsfólk. Skoða hvaða borðleikfni er hægt að bjóða uppá í rólegri stund í hádeginu.
Samverustundir	Á starfsdegi þar sem starfsmann ræddu ákveðin atriði sem lögð voru fyrir	Starfsmenn	Allar deildir eru með 2-3 samverustundir á dag. Fjöldi á barna er misjafn og spurt var hvort samverustundum væri skipt upp með tilliti til málörvunar. Einungis ein deild er með tvískipta morgunsamveru. Einnig var spurt hvort tvítyngdu börnin fengju auka samverustund. Svo var ekki en á einni deild kom verkefnastjóri úr þróunarverkefni með tónlistarstund fyrir þau. Einhverjar deildir töldu þetta ætti að vera í umsjón sérkennslu. <u>Tækifæri til umbóta</u> : að allar deildir tvískipti morgunsamveru og að málörvun fyrir tvítyngd börn fari fram inni á deildum í samstarfi við sérkennslustjóra. Hafa það að reglu að skipta um bækur að minnsta kosti tveggja vikna fresti í bókarhillum. Að hvetja deildarstjóra til að fara í undirbúningstíma á bókasöfn einu sinni í mánuði.



Starfsáætlun	Á starfsdegi þar sem starfsmann ræddu ákveðin atriði sem lögð voru fyrir	Starfsmenn	Allar deildir nema ein virðast hafa unnið að umbótaráætlun að einhverju leyti. Sumt náðist en annað ekki og voru mismunandi ástæður gefnar fyrir því en helst var starfsmannaskortur og erfitt að skipuleggja nefndar sem ástæður. Deildastjóranskipti urðu á einni deild um áramót og starfinu breytt töluvert. Því var ekki unnið eftir starfsáætlun á þeirri deild. Tækifæri til úrbóta: að setja sér raunhæf markmið varðandi úrbætur. Fara yfir starfsáætlun á deildarfundum og stjórnendateymisfundum einu sinni í mánuði.
---------------------	--	------------	---

Ytra mat

Í ár var starfsmannakönnun send út á vinnunetföng starfsmanna. Því miður svöruðu mjög fáir könnunni og því varla marktæk. Stjórnendateymi var beðið um að láta sitt fólk svara en því miður varð misbrestur á því. En við leggjum ekki árar í bát – gerum betur næst.

Foreldrakönnunin kom á pari út við síðustu ár. Hins vegar virðist Hagaborg skora heldur lágt í foreldrasamstarfi nú sem og áður. Það er því frábær áskorun að bæta úr því næsta vetur.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun	Í gegnum tölvupóst til starfsmanna	Starfsmenn	Of fáir svöruðu könnunni til að hún sé marktækt. Þær niðurstöður sem birtust voru á pari við að sem áður var. Tækifæri til umbóta: kalla starfsmenn inn í undirbúning til að svara.
Foreldrakönnun	Í gegnum tölvupóst til foreldris	Foreldrar	Niðurstöður könnunarinnar eru álíka og fyrri ár. Hagaborg er við meðaltal borgarinnar. Einn liður sker sig úr og það er að það mætti vera meira samstarf við foreldra og að þau upplifi sig þátttakendur í starfinu og hafi áhrif á starfið. Tækifæri til umbóta: að fá foreldra meira með í samstarf, heyra meira í þeirra skoðunum og að þau finni að þau hafi meiri áhrif á starfið.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Móttaka nýrra starfsmanna	Bæta móttöku nýrra starfsmanna	Að fylgja stefnu Rvk. við móttöku nýrra starfsmanna	Stjórn- enda- teymi.	Ágúst 2023	Maí 2024	Niðurstöður úr starfsmannakön- nun. Gæta þess að nýr starfsmaður fái handleiðara Að starfsmaður sitji fræðslufyrir- lestra í Torginu.	Að meðalskor í viðhorfskönnun verði hærra árið 2024 en 2022 í þessum þætti. Svörun 2023 ekki næg.
Stjórnenda- teymisfundir	Verði alla fimmtudags morgna.	Að halda fund þótt allir séu ekki í húsi	Leikskóla stjóri og aðstoðar leikskóla stjóri	Ágúst 2023	Maí 2024	Mæting skoðuð í upphafi hvers mánaðar. Henta þessir dagar?	Að fjórir fundir verði í hverjum mánuði
Veikindi	Að minnka fjarvistir vegna veikinda	Viðverustefna Reykjavíkurbor- gar	Leikskóla -stjóri	Ágúst 2023	Maí 2024	Taka saman fjarvistir vegna veikinda fyrir hvern mánuð.	Að veikindadögum / prósenta hafi minnkað frá 2023
Uppeldis- og menntastarf							
Endurskoðun námskrár	Margt er orðið úrelt og þarfnast breytinga í takt við nýjar áherslur	Fara yfir námskrá með tilliti til menntastefnu, aðalnámskrá og stefnu leikskólans.	Stjórn- endur	Haust 2023	Vor 2024	Hver kafli tekinn fyrir sig og endurmetinn. Er eitthvað nýtt í henni? Fékk allt starfsfólk að leggja sitt til málanna?	Að námskrá sé tilbúin og samþykkt af foreldraráði fyrir 1. júlí 2024
Sjálfspröttinn leikur	Leikefni – og rýmið.	Skilgreina hvað telst til sjálfspröttins leiks	Stjórn- dateymi	Haust 2023	Vor 2024	Meta hvort boðið sé upp á meira af opnum efnivið. Skoða hvaða rými leikurinn fær.	Að börnin séu sjálfstæð í að ná sér í leikefni, blanda leikefnum og haldi flæði í leik.
Námsumhverfið	Fá meira af opnum efnivið.	Fara yfir í meira af náttúrulegum	Stjórn- dateymi	Haust 2023	Vor 2024	Að í boði séu til dæmis	



		efnivið. Líka geymslukössu m.					
Mannauður/ Leikskólabragur							
Hagaborg við fyrstu sýn	Að sameiginleg rými sé snyrtilig og aðlaðandi.	Að starfsfólk geymi útivistarfatnað í sameiginlegu rými en ekki á veggjum inni á deildum og göngum.	Leikskóla stjóri og aðstoðar leikskóla stjóri	Sept. 2023	Okt. 2023	Á deildarfundu m.	Að allt starfsfólk eigi auðvelt aðgengi að skó- og útifatnaði.
Endurvinnsla	Græn skref - klára skref 2	Að mynda virkt teymi grænna skrefa	Aðstoðar leikskóla stjóri	Haust 2023	Vor 2024	Að það grænu skrefin séu sýnileg	Viðurkenning frá Reykjavíkurborg
Jákvæðni og vellíðan í starfi	Jákvæðar umræður, núvitund og samvera starfsmanna	Munnleg og sýnileg skilaboð. Hittingur utan vinnu.	Stjórnen dateymi	Haust 2023	Vor 2024	Starfsmanna-könnun Að hittingur sé einu sinni í mánuði	Að Hagaborg skori hátt í starfsmannakönnun Léttleiki og vinskapur sé í fyrirrími.
Innra mat							
Matstæki							
Starfsmanna-könnun							

3 Innra mat

3.1 Álfaland

Greinagerð leikskólastjóra um veturinn 2022-2023

Vetrimum á Álflandi lauk eins og hann hófst án deildarstjóra. Um tíma var deildarstjóri yfir vetrartímamann en vegna ýmissa ástæðna þá gekk það ekki upp. Staðgengill deildarstjóra hefur verið Julija Pokotilo sem unnið hefur á Álfalandi í nokkur ár. Nokkuð aldursbil var á milli elsta og yngsta barns sem olli nokkrum áskorunum í starfinu. Aðlögun var einnig fram eftir vetri og hafði áhrif á starfið. Vel var mannað á deildinni enda mörg mjög ung börn þar. Þrisvar í viku kom Dísá tónlistarkennarinn okkar og var með morgunsamveru. Þá kom Stebba úr sérkennslunni og var með málörvun í samverustund á móti undir vorið. Lögð hefur verið áhersla að gera börnin sjálfstæð til dæmis í fataklefa, matarborð, tiltekt og í leik. Öðrum námssviðum hefur einnig verið



gerð skil svo sem að efla fínhyfingar með því að teikna, mála, pússla og leira. Grófhreyfingar hafa einnig fengið sitt pláss svo sem uppi í sal, inni á deild og í útiveru. Félagsleg samskipti voru æfð alla daga og málörvun líka í leik og starfi. Samkennd og gleði einkennir barnahópinn á Álfalandi og verður spennandi að sjá hvernig börnin munu halda áfram að þroskast og dafna. Þar sem ekki hefur tekist að ráða deildarstjóra enn sem komið er þá verður eingöngu sett inn atriði um leikinn í umbótaáætlun.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfspróttinn leikur	Skoða leikefni sem er í boði	Auka úrval af náttúrulegu m efnivið	Deildarstarfs- menn og leikskólastjóri	Haust 2024	Vor 2024	Taka myndir af hillum að hausti og vori. Bera saman.	Að efla flæði og sköpun barna í gegnum leikinn.

3.2 Kríalaland

Greinagerð deildastjóra um starfið veturinn 2022-2023

Á Krílandi voru 15 börn, 8 börn fædd 2019 og 7 börn fædd 2020. Það sem einkenndi haustið 2022 var óvenju langur aðlögunartími. Aðlögun barna náði langt fram á haust, það voru börn að flytja og önnur að koma í þeirra stað, alveg fram í október. Starfsmannavelta var mikil, auk þess sem veikindi og annað settu strik í reikninginn. Fleiri starfsmenn þurftu að vera inn á deildinni alla daga og fór allt faglegt starf mun seinna af stað en ráðgert var, auk þess sem

undirbúningstímar voru mjög fátíðir allt þetta haust. Deildin sjálf er frekar lítil og því öll rými nýtt, eins t.d. var búin til aðstaða í litlu rými undir stiganum sem er nú kallað kósýherbergi. Þar má vera



með bangsa eða lesa bækur. Kríalaland er lítil deild er mikilvægt að börnin hafi smá rými þar sem á að vera meiri ró frá áreiti í daglegum leik. Oft sitja kennarar með inni í kósýherbergi og les fyrir börnin eða hlusta saman á sögu. Einnig er oft notast við fataklefan sem leikrými og þar er t.d. leikið með innisandkassa. Dagskipulagið okkar er frekar mikil rúttína. Við leggjum mikla áherslu á útiveru, börnin fara alltaf út fyrir hádegi á hverjum degi og oft er val um að fara út eftir hvíld líka. Hópurinn sem var í vetur var nánast alltaf til í útiveru og því oft farið



út a.m.k. tvisvar á dag þegar veður leyfði. Í foreldraviðtölum um vorið mátti heyra á foreldrum að þau væru mjög ánægð með hversu mikið þau fá að leika sér úti. Eftir áramót náðum við að gera myndrænt dagskipulag og hafa það aðgengilegt fyrir börnin. Einnig notast við plaggöt frá Blæ sem börnin gátu séð í daglegum leik sem varða samskipti og tilfinningar.



Samverustundir eru 2-3x á dag. Um klukkan hálf tíu á morgnana var börnunum skipt í tvo hópa (eldri hóp og málörvunarhóp). Þá er ávaxtastund og sungin lög og/eða lesin bók. Því næst útivera til 11.00 og þá öll saman í samverustund fyrir hádegismat. Stundum er höfð samvera fyrir síðdegishressingu, en það fer eftir aðstæðum hvern dag. Það er mun betra að skipta börnunum í tvo samveruhópa, þau taka betur eftir og það er meiri ró.



Leikur að læra. Samkvæmt áætlun er *Leikur að Læra* (LAL) einu sinni í viku, við ákváðum að skipta ábyrgð og framkvæmd hverja viku. Það voru aðallega tveir starfsmenn sem skiptust á að hafa umsjón með LAL. Áætlun var gerð en eingöngu til skammtíma. Oft gafst lítið tími til undirbúnings en vegna fyrri reynslu starfsmanna var auðvelt að setja upp LAL stundir upp í sal með skömmum fyrirvara. En einnig var frjálst

leikur líka t.d. eftir hádegi til að nýta salinn. Skipulagning, rútína og eftirfylgni gekk mun betur eftir áramót. Við lögðum mesta áherslu á að þau þekki sinn bókstaf og læri að leggja stafinn sinn á réttan stað á stafamottu. Einnig lögðum við inn liti og form. Öll börnin voru farin að þekkja sinn bókstaf og mörg hver þekkja einnig stafi hinna barnanna. Þau þekkja flest einnig alla grunnlitina og 2019 börnin þekkja form eins og hring, þríhyrning og ferning. Stafir barnanna hanga einnig fram í fataklefa og þau eru oft að benda á sína stafi með foreldrum á morgnana.



Bangsinn Blær



Skipulagið var þannig háttað að Blæ stund var höfð í samveru með öllum börnunum saman á mánudögum fyrir hádegismat. Börnin hafa alltaf aðgang að Blæ bangsanum alla daga og þeir eru mikið notaðir í *hvíld*. Það voru lesnar ákveðnar bækur með fyrirfram ákveðin þemu, t.d. *Kærleikur*, *Vinátta* og fl. Oft var hlustað á löggin (*Vinátta*- gott er að eiga



vin) á *Spotify* og þeim kennt að segja stopp og setja mörk. Hvað gera góðir vinir? Hvernig líður öðrum ef við meiðum hann? Það er mikilvægt að börnin læri á tilfinningar sínar og um leið annarra. Þau læra að biðjast fyrirgefningar og sýna öðrum samkennd. Vinátta er öllum mikilvæg.



Sjálfsprottinn leikur. Lang flest leikföngin eru aðgengileg fyrir börnin til að ná í sjálf. Við leyfum þeim að velja hvað þau vilja leika með og geta náð í sjálf eða bent á myndir af leikföngum sem þau vilja fá. Reglan er að ganga frá eftir sig áður en þau í eitthvað annað. Það eru ákveðnir tímar dags sem kennarar stýra hvað má hafa t.d. þegar þau hafa klárað hádegismat má eingöngu ná í bók eða púsl þangað til að hvíldin byrjar. Við höfum bætt aðgengi þeirra að nánast

öllum leikföngum og sett í þeirra hæð og merkt þannig að þau geti náð í sjálf. Bækur eru einnig alltaf aðgengilegar fyrir börnin. Nýverið bættum við aðgengi þeirra að litum, skærum, lími og fleira í þeim dúr.

Sköpun/myndlist (áður hópastarf). Það voru ekki neindir fyrir fram ákveðnir tímar teknir frá fyrir sköpun í dagskipulagi. Oftast var notaður tími eftir hvíldina, þegar er enn ró og frjáls leikur inni og örfá börn sem unnu í einhverju verkefni/myndlist. Oft fór það eftir veðri hvort við hvað við gerðum inni og meira gripið í pensla þegar kalt var úti. Vatnslitir, tússlitir og trélitir eru hvað aðgengilegast og oft gripið í það, en einnig límstifti og skæri. Þá skapa þau algerlega það sem hugarflug barnanna fer með þau og eru um leið að æfa fínhyrfingar með skærum. Einnig lögðu við áherslu á að hengja verkin þeirra á deildina í þeirra hæð.



Sólrún Ingvadóttir deildarstjóri Krílalands



Umbótaáætlun Krílalands fyrir veturinn 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útivera	Nota útikennslu,td. leiki og þrautabrautir í útiveru.	Skipuleggja eina útiveru í viku fyrir leik.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Sept. 2023	Mái 2024	Prenta út leiðbeiningar með leiki og annað. Búa til möppu með útileikjum og fleira fyrir starfsfólk.	Að þau læri með leik í útiveru. Að kennarar taki meiri þátt og leiki með þeim og börnin læri hreyfileiki sem þau geta svo sjálf átt frumkvæði í að leika. Einnig nota náttúruna og efnivið hennar til leiks.
Sköpun	Frjálsari sköpun. Almenn t minni stýring kennara á hvað eigi að gera.	Safna meiri efnivið úr náttúru sem börnin geta skapað úr sjálf.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Sept. 2023	Mái 2024	Safna meiri efnivið úr náttúru í gönguferðum. (Haust og vor). Hafa hann aðgengilegan inn á deild.	Að þau velji sjálf og skapi það sem þeirra ímyndunarafli býr til og aðgengi að efninu verði til staðar.
Blær	Vinna með Blæ bangsa markvisst, leggja áherslu á tilfinningar.	Blæ stund í samveru, einu sinni í viku.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn	Sept. 2023	Mái 2024	Skipta verkefnum, nota starfsdaga og undirbúning til að skipuleggja hvern mánuð.	Þau öðlist hæfni til að skilja tilfinningar, hlusta á aðra og sýna samkennd. Börnin læri að skilja tilfinningar sínar og annarra.



3.3 Putaland

Greinagerð deildastjóra um starfið veturinn 2022-2023



Putaland er miðdeild Hagaborgar. Yfirleitt eru 16 börn hjá okkur en þetta starfsárið voru þau 17 talsins: 5 strákar og 12 stelpur. Dagskipulag og starfsemi hélst að mestu óbreytt milli ára á meðan starfsmannafjöldi deildarinnar tók breytingum og vaktaskipulag starfsfólks að auki. Við erum með þrjár samverustundir yfir daginn. Eftir morgunmat höfum við morgunsamveru þar sem við tölum

mikið saman og börnin fá tækifæri til að æfa hugrekkið. Fyrir hádegismat er önnur samvera þar sem við annaðhvort syngjum saman, lesum bækur eða förum í ýmiskonar leiki sem tengjast Leikur að læra verkefninu. Þriðja samverustundin er svo eftir síðdegishressingu en þá skiptum við í litla hópa og lesum bækur. Veturinn var mjög annasamur hjá okkur. Mikið af áhugaverðum listaverkum voru unnin í hópstarfi.

Við notuðumst við allskonar náttúrleg efni sem finnast úti við, t.d. greinar, sand, laufblöð og fuglaber, og skemmtu börnin sér mjög vel við að föndra hin ýmsu listaverk úr þessum flotta efnivið.



Við breyttum hvíldinni vegna þess að margir krakkar þurfa ekki að sofa lengur og hafa ekki þörf fyrir að leggjast niður, þannig að það er tvískipt hvíld hjá okkur núna. Annarsvegar vakandi hvíld þar sem börnunum er boðið að vera í rólegum leikjum og hlusta á sögur á meðan. Og hinsvegar sofandi hvíld þar sem börnin sofa eða safna orku með því að hvíla sig og kúra á dýnunni



Hagaborg er Leikur að læra leikskóli og við eigum stóran sal sem börnunum finnst mjög gaman að vera í.

Þau eru alltaf mjög spennt að fara upp að leika á dögnum sem Putaland er með salinn. Við byrjum þá með stuttan tíma helguðum Leikur að læra kennslu og förum síðan í frjálsan leik.



Til að efla sjálfstraust og hugrekki nýttum við Vináttu/Blær verkefnið og pósthólfið sem við eigum á deildinni okkar. Umræður sem skapast í kringum Vináttu/Blær verkefnið eru mjög áhugaverðar, börnin fá tækifæri til að tala um það sem vekur athygli þeirra og deila reynslu sinni. Pósthólfið virkar líka frábærlega í þessu samhengi. Börnin útbúa þá bréf í samvinnu við foreldra sína með nokkrum myndum og smá texta um eitthvað sem þau vilja deila með hópnum. Við lesum bréfið í samverustund, skoðum myndirnar,

lesum textann og tölum um efni bréfsins. Barnið sem kom með bréfið hefur tækifæri til að svara spurningum og segir oft söguna sjálft. Að deila sögu sinni gerir börnin stolt og veitir þeim



sjálfstraust. Auk þess sem við

hin fáum þá tækifæri til að kynnst betur umhverfi barnsins, fjölskyldu og oft gæludýrum. Hjá okkur byrjuðu börnin að leggja á borð með aðstoð kennara og að vera umsjónarmenn í samverustund, þetta var líka hugrekksisæfing sem gekk mjög vel. Það urðu miklar framfarir hjá börnum sem voru feimin. Leikurinn -hjá okkur á Putalandi höfum við val til að byrja með, börnin ákveða sjálf hvað verður í valinu. Möguleikinn á að færa sig á milli leikja er ekki takmarkaður. Markmiðið er að fylgjast með

börnunum og hvetja þau til að leika sér saman og aðstoða þau/leiðbeina þeim ef þörf er á.

Við hlökkum til næsta hausts og erum spennt fyrir því að nýr barnahópur komi til okkar á Putaland.

Það verður breyting á starfsfólki en við munum halda áfram að vinna að okkar markmiðum / dagskrá





Búningaleikur

eins og áður. Við getum þó breytt dagskránni eftir þörfum eða bætt við fleiri nýjum og skemmtilegum hugmyndum sem gætu skotið upp kollinum.

hugmyndum sem gætu skotið upp kollinum.

Natallia Zlokh deildarstjóri Putalands



Umbótaáætlun Putalands 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	hefst	lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Útivera og úti kennsla	Bæta við úतिकennslu í dagskrádeildarinn ar.	Hvetur alla starfsmenn að tak þátt og að skiptast vikulega, undirbúa fyrir fram.	Deildar- stjóri í samvinnu við aðra á deildinni	Sept. '23	Vor'24	Safna myndum og myndbönd.	Endurmetum í maí
Deildarfundir og undirbúningur starfsfólks.	Deildarfundir í forgang. Finna tíma fyrir undirbúning starfsfólks á deildinni.	Hafa fast fundi einu sinni á mánuði, undirbúa mikilvæg atriði til að ræða um. Nýta tímann betur til að senda starfsmenn í undirbúningstíma	Deildar- stjóri í samvinnu við aðra á deildinni	Sept. '23	Vor'24	Reglulegar skráningar inn dagbók	Endurmetum í maí
Hópastarf	Áherslan er á flæði í hópastarfi. Að börnin hafi tækifæri til að ákveða hvort þau vilja leika sér eða gera verkefni, og eins að þau hafi tækifæri til að klára verkefnið á sínnum hraða og fá eins mikla aðstoð og þau þurfa frá kennaranum.	Undirbúningur verkefna eftir þeim, starfsmenn sem bera ábyrgð á verkefninu skiptast vikulega á.	Deildar- stjóri í samvinnu við aðra á deildinni	Sept. '23	Vor'24	Könnun og safna saman verkefnum vetrarins. (Sérstök verkefni fara í möppu)	Endurmetum í maí



3.4 Fiskaland

Greinagerð deildastjóra um starfið veturinn 2022-2023

Í vetur voru 22 börn fædd 2018 á Fiskalandi. Á deildinni voru fjögur börn með fleiri en eitt tungumál. Stöðugildin á deildinni voru fjögur, deildarstjóri, grunnskólakennari og tveir leiðbeinendur. Nýr deildarstjóri byrjaði í byrjun desember og þá urðu breytingar og þegar kom fram á vor fóru starfsmenn deildarinnar farnir að leysa hvert annað af í styttingu og undirbúning. Við leggjum mikla áherslu á jákvæð og góð samskipti við foreldra og börn og góð samskipti milli starfsmanna. Okkar starf byggir á menntastefnu Reykjavíkurborgar, skólanámskrá leikskólans og aðalnámskrá leikskólans. Einkunnarorð leikskólans eru virðing vinátta og hugrekki. Með komu nýs deildarstjóra urðu miklar breytingar og aðaláhersla var vinátta barnanna og að öllum liði vel og væru glaðir í leikskólanum.

Sigurveig María Yngvadóttir

Umbótaáætlun Fiskalands veturinn 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Frjáls leikur	Að leggja áherslu á frjálsa leikinn. Leyfa börnunum að sækja sér sjálf leikföng og ákveða hvar þau vilji leika, enginn staður heilagur á deildinni.	Við ætlum að endurskoða leikföngin og endurraða á deildinni, búa til góða aðstöðu fyrir börnin. Við ætlum að tvískipta útiverunni þannig að börnin geti notið sín í smærri hópum í leiknum	Allir starfsmenn deildarinnar	Strax	Við höfum leikin allsráðand í allt árið um.	Tökum myndir og notum skráningu.	Reglulegir fundir og fylgast vel með börnunum.
Útivera	Tvískipta útiveru, þannig að það verður auðvelt að fara í gönguferðir og skoða nærumhverfið.	Skipuleggja tvískipta útiveru	Allir starfsmenn á deildinni.	Haust 2023	Hverri viku ca. 3x í viku.	Á deildarstjóraf undum	Skoða hvernig börnum og starfsfólki líður með breytingarnar.
Hópastarf	Hafa hópastarf x3 í viku. Fara í þemavinnu.	Skipuleggja hópastarfið og þemavinnuna.	Allir starfsmenn á deildinni, deildarstjórninn leggur línurnar fyrir þemastarfinu	Haust 2023	Ca. 3x viku	Á deildarstjóraf undum. Fylgast með þemavinnunni. Taka myndir.	Skoða hvernig börnum og starfsfólki líkar vinnan í hópastarfinu.



3.5 Fuglaland veturinn 2023-2024

Greinagerð deildarstjóra

Frá Fuglalandi útskrifuðust 24 börn fædd 2017 en auk þeirra voru 2 börn fædd 2018 á deildinni. Þar af voru 13 stúlkur og 13 drengir. Starfsmenn deildarinnar eru 5 talsins í misjöfnu starfshlutfalli og einn að auki sem sinnir einhverfu barni á deildinni. Á deildinni eru 5 tvítyngd börn og hafa þau farið í málörvun u.þ.b. einu sinni í viku. Það má segja að deildin hafi verið krefjandi á köflum af ýmsum ástæðum en barnahópurinn er skemmtilegur, leikglaður og skapandi. Sjö stúlkur voru á sínu öðru ári á deildinni svo þær leiddu hópinn áfram fyrstu vikunar í söng og reglum deildarinnar 😊.



Við byrjuðum haustið á því að kynast í rólegheitunum og hrista hópinn saman því þau komu ekki öll af sömu deild og eins og áður sagði þá voru sjö stúlkur fyrir. Fyrsta þemaverkefnið sem við tókum fyrir var „umhverfisþema“. Í þessu þemaverkefni fórum við í gönguferðir m.a. í



Hólavallakirkjugarð þar sem við vöktum athygli barnanna á stærsta lerkitré á Íslandi og að sjálfsögðu öðrum trjám og gróðri. Einnig fórum við að sjálfsögðu í fjöruna þar sem horft var undir hvern stein og lífríkið skoðað. Í þessu þema sömdu börnin ljóð sem voru hengd á ljóðatré þar sem foreldrar gátu séð og lesið.



Næsta þema var þema um gildi Hagaborgar en þau eru Vinátta, Virðing og Hugrekki. Við höfum þemavikur um þessi gildi á hverju ári. Þar á eftir tók við þema sem við köllum „Húsa/heimamenningu“ þema. Í þessu þema förum við að heimilum allra barnanna og tókum mynd af þeim við dyrnar sem þeim tilheyrja. Við vinnum áfram í þessu þema með myndirnar sem við tókum og í allskonar sköpun. Þetta var mjög skemmtilegt

þema sem börnin höfðu sérstaklega gaman að og varði það í fjórar vikur.

Við vorum með „Norðurlanda“ þema í nóvember. Í þessu þema fórum við í Norrænahúsið á sýningu um Einar Áskel. Hvert land fékk eina viku þar sem við lásum bækur sungum lög á viðkomandi tungumáli og fræddumst um höfuðborgir, fána og sitthvað fleira.



Í desember lögðum við áherslu á rólegheit og jólagleði. Okkur finnst nóg um ys og þys í þessum mánuði og viljum að Hagaborg geti verið sá staður sem börnin eru laus við stress og læti í aðdraganda jóla.

Í janúar völdu börnin að taka fyrir „risaeðluþema“ sem þróaðist áfram og varð að þema um „plánetur“ en kveikjan af því þema varð þegar fjallað var um að loftsteinn hefði grandað risaeðlunum.

Á vormánuðum var síðan „listaþema“ og „fuglaþema“ og ýmsar ferðir á listasöfn, fjörur, holt og tún. Skemmtileg þema bæði tvö.

Leikur að læra: LAL hefur verið á deildinni þar sem við vinnum með hreyfingu og nám. Einu sinni í viku í sal og einnig inn á deild í stórum þrautabrautum. Það eru svokölluð foreldraverkefni einu sinni til tvisvar í viku en þá hjálpa foreldrar börnum sínum að leysa verkefni í fataklefanum áður en þau koma inn á deild. Þetta eru ávallt verkefni sem innihalda hreyfingu og nám, t.d. „ hoppa 5 sprellikarlahopp og skrifa orð á töfluna sem byrjar á Ff sem er stafur vikunnar“.



Blær: Vináttuverkefni sem unnið er með tvisvar í mánuði. Í byrjun unnum við mun oftast með Blæ þar sem við vorum að fjalla um tilfinningar og einnig í þemanu um virðingu og seinna þurftum við að skerpa á aga reglum á deildinni. Vináttuverkefnið „Blær“ er mjög gott verkfæri til að nota með börnunum og fá þau til að tala um tilfinningar sínar og hvernig við komum fram við aðra.



Læsi: Á hverjum morgni erum við með „ljóðastund“ þar lesum við ljóð (oftast ljóð Þórarins Eldjárn) og spjöllum um þau.

Börnin semja ljóð sem við höfum sýnileg og einnig sögur sem þau myndskreyta og fer síðan í ferilmöppur þeirra. Í samverustundum leggjum við áherslu á að lesa fyrir börnin bækur við þeirra hæfi og eftir áramótin fórum við að lesa þyngri framhaldssögur. Einnig eru tónlistartímar einu sinni í

viku þar sem börnin fá að spila sjálf á hljóðfæri og semja lög sem þau syngja.

María Steindórsdóttir og Rákel Edda Ólafsdóttir



Umbótaráætlun Fuglalands 2023-2024

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skólafærni	Að börnin séu búin að ná því að skrifa nafnið sitt, haldi rétt á skriffærum og skærum.	Rauður þráður í gegnum starfið, í hópastarfi, frjálsum stundum, ljóðastundum o.s. frv.	Sameiginleg ábyrgð starfsfólks deildarinnar	Í september	Í júní	Reyna að hafa reglulega fundi og ræðum málin. Gerum reglulega könnun á því hvort börnin t.d. haldi rétt á skriffærum	Að börnin nái aldursmiðaðri færni
Útivera.	Útivera. Við ætlum að byrja á að hafa tvískipta útiveru tvisvar í viku.	Skipuleggjum tvískipta útiveru og endurröðum verksgiptingu starfsfólks	Starfsfólk deildarinnar	Í september	Í júní	Metum það reglulega á fundum og tökum stöðuna.	Ef börnum og starfsfólki líkar vel við fyrirkomulagið og líður betur í minni hávaða.
Þemastarf.	Þemastarf með sama sniði og verið hefur en í ljósi þess að LAL verður ekki eins fyrirferðamikilið þá munum við þurfa að endurskipuleggja starf deildarinnar.		Deildarstjóri	Í september	Í júní		
Frjáls leikur	Skoða og endurnýja leikefni og endurskoða leiksvæðin		Deildarstjórar eða verkefnastjóri				



4 Innra mat sérkennslu

Greinagerð frá sérkennslustjóra

Haustið byrjaði mjög vel í sérkennslunni. Í byrjun september voru fimm börn með 21 sérkennslutíma og unnið var að einstaklingsnámskrá fyrir þau börn. Starfsfólk sérkennslu voru fimm talsins og haustið hófst á miklu skipulagi á einstaklingsþjálfun og hópstarfi.

Þegar leið á haustið urðu breytingar í starfsmannahópnum sem urðu til þess að skipulagið á hópstarfinu breyttust. Í vetur hafa verið miklar sveiflur í starfsmannahópnum í sérkennslunni, nokkrir hafa hætt og byrjað, farið í langverandi veikindaleyfi og frí. Okkar stærsta áskorun á skólaárinu hefur verið að láta þessar sveiflur ekki hafa áhrif á gæði starfsins. Í lok árs eru starfsmenn sérkennslu sex talsins en fáir í fullri vinnu.



Þau börn sem voru með stuðning fengu úthlutaða stuðningsmanneskju á vegum sérkennslunar og fengu einstaklingsmiðaða atferlisþjálfun bæði inni á deild og í sérkennslustofunni. Aðeins eitt barn var með fullan stuðning.


Málörvun fyrir fjöltyngd börn hefur verið í miklum brennidepli í sérkennslunni á Hagaborg, og það átti líka við í vetur. Öll börn sem tala tvö eða fleiri tungumál hafa sótt málörvunarstundir hjá starfsmanni sérkennslunnar, umfram þá málörvun sem þau fá í daglegu starfi inni á deild. Það reyndist ákveðin áskorun þennan vetur vegna mikilla starfsmannaveltu og langvarandi veikinda starfsfólks. Þrátt fyrir það tókst að gefa öllum fjöltyngdum börnum skólans reglulegar málörvunarstundir hjá sérkennara yfir veturinn. Málörvunarstundirnar fóru fram á mismunandi hátt á milli deilda og tókum við þá mið af aldri barnanna, fjölda fjöltyngdra barna og þörf deildarinnar fyrir stuðning. Á yngstu deildinni kom sérkennari inná deildina alla morgna og var með samverustund með sérstaka áherslu og málörvun og orðaforða. Í þessum samverustundum var mest notast við tónlist, leiki og myndrænt efni.



Málörvunarstundir fóru fram með svipuðum hætti á næstu tveim deildum nema að þær voru tvisvar í viku og hóparnir voru mun minni. Þessir hópar voru einungis fyrir fjöltyngd börn, og börn með stuðning, og hafði sérkennari umsjón með þeim. Á síðasta ári fór málörvun fjöltyngdra barna á elstu tveim deildunum þannig fram að þau fóru í málörvun í salnum tvisvar í viku í stað þess að fara í hvíld. Í byrjun árs fór málörvun af stað á sama hátt með elstu börnin en

vegna breytinga í starfsmannahópnum var ekki hægt að halda þeim málörvunarstundum áfram. Þess í stað var ákveðið að gefa elstu börnunum, og þeim börnum sem þurftu mest á því að halda, einstaklingsþjálfun í sérkennslu einum eða tveim saman. Börnin fengu þjálfun í lotum, þ.e.a.s ákveðin börn fengu daglega þjálfun nokkrar vikur í röð og svo tóku önnur börn við. Þetta reyndist mjög vel og börnin sýndu miklar framfarir með þessari aðferð.

Í janúar sátu tveir starfsmenn sérkennslunnar námskeið í AEPS, færnimiðuðu matskerfi. Í kjölfarið voru börnin sem eru með stuðning metin út frá þeim listum og gerðar nýjar og nákvæmari einstaklingsnámskrár. Staða og framfarir verða síðan reglulega með AEPS listanum.



Þegar áhyggjur vöknuðu hjá foreldrum eða kennurum barna varðandi málþroska eða máhljóðanotkun létu þau sérkennslustjóra vita.

Sérkennslustjóri notaði þá TRAS, íslenska máhljóðalistann og HLJÓM-

2 (þegar við átti) til að meta hvort þörf væri til að kalla til talmeinafræðings. Í vetur sóttu sjö börn þjónustu hjá talmeinafræðingi. Þá kom talmeinafræðingur á leikskólann og gerði skimun á börnunum. Fimm börn fengu áframhaldandi þjónustu talmeinafræðings á leikskólanum, eitt barn komst inná stofu hjá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingi og eitt barn er enn á biðlistum. Talmeinafræðingar á vegum borgarinnar komu reglulega yfir veturinn til að þjónusta börnin fimm og fengu þá að nota aðstöðuna í sérkennslunni. Tvö barnanna náðu tökum á máhljóðunum og útskrifuðust en hin þrjú eru áfram í þjálfun.

Tvö börn sóttu þjónustu á æfingarstöðinni með sjúkrapjálfa. Annað barnið fór í hópatíma í grófhreyfingum og iðjuþjálfun en hitt barnið fór einkatíma í sundi. Þessar þjálfanir fóru fram á leikskólatíma og stuðningsmanneskja barnanna fylgdi þeim á æfingarstöðina í leigubíl. Þessar þjálfanir skiluðu miklum árangri og hafa bæði börnin sýnt miklar framfarir í grófhreyfingum yfir veturinn.

Við ákváðum að leita okkur aðstoðar hegðunarráðgjafa fyrir eitt barn. Hegðunarráðgjafi kom nokkrum sinnum yfir skólaárið og fundaði með sérkennslustjóra, deildarstjóra og móður og gaf okkur góð ráð.

Sérkennslustjóri sótti rafræna fundi hjá lærdómssamfélagi sérkennslustjóra, sem Fjóla Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri sérkennslu hjá Reykjavíkurborg, og ráðgjafar hjá Miðju máls og læsis, héldu sl. vetur.



Þetta voru allt mjög áhugaverðir og gagnlegir fyrirlestrar. Auk þess sótti sérkennslustjóri fimm námskeið á skólárinu til að auka þekkingu sína á einhverfu, málþroska og skráningum.

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Við reyndum eins og frekast var kostur að mæta þörfum allra barnanna á leikskólanum. Börnin sem eiga stuðning tóku eins mikinn þátt í daglegu starfi á sinni deild og hægt var og fengu stuðning inni á deild auk þess að fá einstaklingsþjálfun í sérkennslu. Í einstaklingskennslu var helst notast við AEPS og skráningarblöð frá greiningarstöðinni.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Við notuðumst aðalega við AEPS, en einnig HLJÓM-2, TRAS og skráningarblöð frá greiningarstöðinni.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Ýmis gögn. Orðagull, lærum og leikum með hljóðin, gögn frá vináttuverkefni barnaheilla, ýmis bækur, spil, verkefnablöð og öpp.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Móttaka nýrra starfsmanna	Að nýtt starfsfólk upplifi sig velkomið og að þeirra hlutverk sé skýrt.	Hlúum að nýju starfsfólki. Gætum þess að það sé skýrt hvert þau geta leitað til að fá hjálp.	Sérkennslustjóri og aðrir stjórnendur	1.sept	1.júlí	Ræða reglulega við starfsfólk. Metið hvernig gengur.	Nýtt starfsfólk deilir reynslu sinni.
Samvinna	Allir starfsmenn sem vinna með barn verði dugleg að deila á milli sín upplýsingum	Allar þjálfanir skrásettar svo þær séu aðgengilegar öllum sem vinna með barnið. Kennarar ræða reglulega sín á milli	Sérkennslustjóri	1.ssept	1. júlí	Safna gögnum. Fleiri skráningar.	Jókst skráningum ? Tóku allir kennarar þátt?



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Öll fjöltyngd börn fengu markvissa málörvun hjá sérkennara. Annað hvort í formi hópastarfs/samveru eða einstaklingsþjálfunar. Það fór eftir aldri og þörf barnanna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er markvisst unnið með orðaforða allra barnanna í daglegu starfi þegar það er lesið og spjallað við börnin. Fjöltyngd börn fá auka samveru og einstaklingsþjálfun. Við höfum unnið með gefðu 10 í einstaka tilvikum t.d fyrir fjöltyngd börn sem eru nýbyrjuð eða nýkomin aftur eftir langt frí.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, það er markvisst unnið með orðaforða fjöltyngdra barna. Bæði í litum hópum og með einstaklingsþjálfun.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við skráum niður framfarir þeirra barna sem fá einstaklingsþjálfun með þar til gerðum skráningarblöðum frá greiningarstöðinni. Við höfum einnig notast við AEPS og TRAS til að skrá framfarir fyrir ákveðin börn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við hugum vel að öllum þessum þáttum í einstaklingsþjálfuninni. Í fjöltyngsishópnum er hinsvegar fyrst og fremst hugað að orðaforða og skilningi.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjöltyngis hópur	Koma upp fjöltyngishópi fyrir elstu börnin eins og í fyrra	Skipuleggja. Finna einn starfsmann í sérkennslu til að taka að sér.	Sérkennslustjóri	Í september	Í júní	Skráningar	Skráningar. Voru allar stundirnar skráðar. Hvað var æft? Framfarir?
Skráningar á framförum fjöltyngdra barna	Allar fjöltyngisstundir skráðar, hvað var gert og hvernig gekk.	Allar fjöltyngisstundir skráðar, hvað var gert og hvernig gekk.	Sérkennari sem sér um fjöltyngisstundir	Í september	Í júní	Skráningar	Skráningar. Voru allar stundirnar skráðar. Hvað var æft? Framfarir?



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru tekin að vori. Aðstoðarleikskólastjóri tók mörg þeirra en leikskólastjóri við stjórnendateymi og einstaka viðtal. Farið var meðal annars yfir líðan í starfi, sumarleyfisóskir og næsta vetur.

Starfsdagar hjá okkur voru sex og fengum við fræðslu á fjórum þeirra.

Þann 22. september byrjuðum við á ráðstefnu með fleiri leikskólum sem bar nafnið „Lof mér að leika“ umvirkni yngri barnanna í leikskólanum. Eftir hádegi þann dag fengum við fyrir lestur um fordóma frá þeim Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur og Aleksandra Kozimala af SFS.

Þann 25. janúar fengum við upprifjunarnámskeið í „Leikur að læra“ frá Kristínu Einarsdóttur

Þann 15. mars fengum fyrirlestur um „Jákvæða sálfræði í skólastarfi“ frá Bryndísi Jónu Jónsdóttur í Núvitundarsetrinu.

Þann 27. febrúar fengum við fræðslu um núvitund og jákvæðni í skólastarfi frá Bryndísi Hönnu Hreinsdóttur aðstoðarleikskólastjóra.

Þá hefur leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri sótt fræðslu og vinnustofur vegna BBB verkefnisins. Einnig vorum við í tilraunahóp Torgsins og sátu einir þrír nýliðar það.

Sérkennslustjóri og starfsfólk sérkennslu sóttu einnig fræðslu til að mynda vegna AEPS lista og atferlisþjálfunar.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í síðast liðna vor var börnunum boðið í eina heimsókn í Melaskóla í maí og svo var einnig nú. Í þessari heimsókn fólst að:

- Frístundaheimilið Selið var heimsótt
- Bókasafn Melaskóla var heimsótt
- Íþróttatími í íþróttahúsi Melaskóla

Þá bauð Melaskóli væntanlegum skólabörnum í Melaskóla í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar í lok maí og foreldrar þeirra fóru með þeim.



8 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélagið hefur staðið straum af kostnaði við ýmsar uppkomur í starfinu. Í desember bauð foreldrafélagið okkur upp á jólasveina og ávaxtanammi á jólaballinu okkar. Þá fengum við Krakkahesta í vor á þeirra kostnað og einnig borgaði foreldrafélagið helming af útskriftarferð elstu barnanna. Þá var haldin sumarhátíð á vegum foreldrafélagsins en starfsmenn tóku einnig þátt í henni. Foreldrakaffi var á haustönn og vorönn þar sem foreldrum var boðið með inn í morgunmat. Þá var foreldrum einnig boðið upp á kaffi og meðlæti eftir jólaballið. Útskriftarveisla var haldin fyrir elstu börn og foreldra þeirra. Að hausti eru hér endurfundir en þá koma börnin sem byrjuðu í grunnskóla en voru hjá okkur veturinn á undan í heimsókn í súpu og brauð eitt síðdegi. Föstudagspóstar eru sendir og almennt spjall við komu og brottför er liður í samskiptum við foreldra.

Foreldrafélag

- Foreldrafélag samanstendur af fjórum foreldrum og hvetjum við alla foreldra til að taka þátt á foreldrakynningum í september.

Foreldraráðið hefur séð um yfirlestur á helstu skjöl er varðar skólastarfið í Hagaborg, s.s. starfsáætlun, leikskóladagatal og starfsdaga skólaársins.

- Þrír foreldrar eru í foreldraráði og kosið er í september um nýja fulltrúa í ráðinu.

Foreldraviðtöl

- Þau fara fram tvisvar á skólaárinu. Á haustönn fara þau fram um mánaðarmótin október/nóvember. Á vorönn fara þau fram í apríl/maí

Foreldrafundir

- Í september fara fram foreldrakynningar í sal skólans. Þá er foreldrum hvefarr deildar boðið að koma kl. 8:30 og sitja kynningu frá leikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar verða sem hér segir. Þrír eru sameiginlegir með grunnskólanum.

21.09.22 – Undirbúningur fyrir vetrarstarfið

16.10.23 – Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl og starfið / slysavarnarnámskeið

08.01.24 – Starfsmannafundur og yfirlestur

02.04.24 -Starfsmannafundur og yfirlestur

26.04.24 – Námsferð erlendis eða innanlands

17.05.24 – Mennastefnamót sameiginlegur starfsdagur SFS



Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Hagaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JUNÍ	JÚLÍ
1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. F	1. M	1. F	1. F	1. M	1. M	1. L	1. M
2. M	2. L	2. M	2. Þ	2. L	2. Þ	2. F	2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. Þ
3. S	3. S	3. Þ	3. M	3. S	3. M	3. L	3. S	3. M	3. F	3. M	3. M
4. F	4. M	4. M	4. F	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. L	4. Þ	4. F
5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ	5. F	5. M	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. F
6. S	6. M	6. F	6. M	6. M	6. L	6. Þ	6. M	6. L	6. M	6. F	6. L
7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. Þ	7. F	7. S
8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. F	8. M	8. F	8. F	8. M	8. M	8. L	8. M
9. M	9. L	9. M	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. Þ
10. F	10. S	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. L	10. S	10. M	10. F	10. M	10. M
11. F	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F
12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. Þ	12. F	12. M	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. F
13. S	13. M	13. F	13. M	13. M	13. L	13. Þ	13. M	13. L	13. M	13. F	13. L
14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. F	14. Þ	14. L	14. F	14. S
15. Þ	15. S	15. M	15. M	15. F	15. M	15. F	15. F	15. M	15. M	15. L	15. M
16. M	16. L	16. Þ	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. S	16. Þ
17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. L	17. S	17. M	17. F	17. M	17. M
18. F	18. M	18. M	18. L	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. L	18. Þ	18. F
19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. Þ	19. F	19. M	19. S	19. F	19. M	19. M	19. F
20. S	20. M	20. F	20. M	20. M	20. L	20. Þ	20. M	20. L	20. M	20. F	20. L
21. M	21. Þ	21. L	21. F	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. Þ	21. F	21. S
22. Þ	22. S	22. M	22. M	22. F	22. M	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L	22. M
23. M	23. L	23. M	23. F	23. L	23. Þ	23. F	23. L	23. Þ	23. F	23. S	23. Þ
24. F	24. S	24. M	24. L	24. M	24. M	24. L	24. S	24. M	24. F	24. M	24. M
25. F	25. M	25. M	25. F	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. L	25. Þ	25. F
26. L	26. Þ	26. F	26. M	26. Þ	26. F	26. M	26. Þ	26. F	26. S	26. M	26. F
27. S	27. M	27. M	27. L	27. M	27. L	27. Þ	27. M	27. L	27. M	27. F	27. L
28. M	28. F	28. F	28. Þ	28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. Þ	28. F	28. S
29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. F	29. M	29. F	29. F	29. M	29. M	29. L	29. M
30. M	30. L	30. M	30. F	30. L	30. Þ	30. L	30. L	30. Þ	30. F	30. S	30. Þ
31. F		31. Þ	31. M	31. S	31. M	31. S	31. S	31. F	31. F		31. M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld leikka ekki vegna þessa. Bórn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumaríeyfi. Leikskólastjóri ákveður, að hlöfu samráði við starfsmann og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinur allt sumarið eða loki samfeilt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2023 – 2024
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar Hagaborgar 2023/2024

Á undanfögnu ári hafa orðið breytingar á Hagaborg, aðallega í formi stækkunar en líka með tilkomu aðstoðarleikskólastjóra ásamt breytingu á mötuneyti.

Heilt yfir er almenn ánægja með þessar breytingar þó vissulega hafi verið til staðar einhverjar áhyggjur af minnkun á útisvæði vegna tilkomu nýja hússins. Það er þó ekki að sjá að þetta komi



stórkostlega niður á útileik barnanna. Einnig voru óánægjuraddir vegna breytinga á mótuneytinu með tilkomu samstarfs við Skólamat. Sú breyting er nýtilkomin og því of snemmt að fella um hana dóm.

Það er einnig frábært að hafa fengið inn aðstoðarleikskólastjóra því það er augljóst að það er mikið álag á stjórnendum leikskóla og því mikill kostur fólgin í því að það sé hægt að dreifa álaginu milli stjórnanda.

Þær áherslubreytingar í starfinu sem á að fara í núna í vetur þar sem á að beina sjónunum meira að sjálfsprottum leik barnanna leggst mjög vel í foreldraráðið og vonandi gengur það sem allra best.

Ánægjulegt er að sjá að leikskólanum tekst að halda í mikið af sama starfsfólkinu og var síðasta vetur. Það hefur jákvæð áhrif á andann sem ríkir í leikskólanum, líðan og öryggistilfinningu barna og samskipti milli starfsfólks og foreldra. Þrátt fyrir stærð leikskólans þekkja kennarar úr flestum deildum nöfn allra barnanna og öfugt. Virðing kennara fyrir börnunum og þörfum þeirra er augljóslega mikil og ekki fer milli mála að starfsfólkið, faglært eða ófaglært, leggur sig allt fram í að láta þeim líða vel. Því finnst okkur mikilvægt að halda í þennan góða starfshóp og jafnvel nýta kraftana þeirra enn betur, t.d. með því að hvetja til endurmenntunnar eða nota menntun en líka áhugamál þeirra í ákveðin sérverkefni.

Það er einnig gott að sjá að það er í gangi umbótaáætlun, bæði fyrir leikskólann allan og svo hverja deild fyrir sig. Inn í starfsáætlunina vantar þó alfarið áætlun fyrir Drekaland, og óskar foreldraráð eftir að henni verði bætt við. Því þó starfið sé gott þá má alltaf finna eitthvað sem má gera betur og foreldraráð treystir stjórnendum Hagaborgar til þess að halda áfram að þróa starfið líkt og hefur verið.

Varðandi sérkennslu. Foreldraráðið vonast til þess að þar haldist áfram gott starf enda er góð sérkennsla mikilvæg fyrir þau börn sem á henni þurfa að halda og ekki síður mikilvæg fyrir starfsfólkið og önnur börn á leikskólanum.

Í heildinni séð lítum við á Hagaborg sem fyrirmyndarleikskóla þar sem starfið einkennist af virðingu, metnaði og ástríðu.

Davíð Fjölur Ármannsson

Sigyn Jónsdóttir

Theodór Ingi Ólafsson





Leikskóladagatal 2023 - 2024

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	Sumarleyfi - lokað	1 F	1 S	1 M Foreldravöbtöl hefjast	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M		2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ Starfsdagur*	2 F	2 S Sjómannadagurinn	2 Þ
3 F		3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M Sumarfrjór í garðinum
4 F		4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F Sumarfrjór í garðinum
6 S		6 M	6 F	6 M Vinavika í Hagaborg	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M Umhverfisþema hefst	6 F Skólastítt	6 L
7 M	Friðdagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M Dagur tónlistarskólans	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ		8 F Dagur læsis	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 F	8 M Starfsdagur	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M		9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Upptögningardagur	9 S	9 Þ
10 F	Opnað efir sumarleyfi	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Sumarleyfi - lokað
11 F		11 M Foreldrakynningar í sal	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S Dagur íslenska táknaðsins	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L		12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F Sumarfrjór í garðinum
13 S		13 M	13 F Fjölskyldukaffi	13 M	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M		14 F	14 L	14 Þ	14 F Jólalabí og kaffi	14 S	14 M Óskudagur	14 F Dagur stærðfræðinnar - smíðja	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ		15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M		16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M Starfsdagur	16 F Dagur íslenskrar tungu-smíðja	16 L	16 Þ	16 F Fjölskyldukaffi	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F		17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Menntastefnumót - sam. starfsdagur*	17 M	17 M Lyðveldisdagurinn
18 F		18 M Nemavika um gildi	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur - upphaf Góu	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bændagurur - upphaf Þorra - þorrelát	19 M	19 Þ	19 F	19 S Hvítasunnudagur	19 M	19 F Sumarfrjór í garðinum
20 S		20 M	20 F	20 M	20 M	20 L Dagur mannréttinda barna	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 L	20 L
21 M	Starfsdagur*	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S Sumarhátið
22 Þ	Aðlögun á milli deilda	22 F Hugrekksleikar í garðinum	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L Útskriftarferð	22 M
23 M		23 L	23 M	23 F	23 L Þorláksmessa	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F		24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F		25 M	25 M	25 L	25 M Jólalagurinn	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L		26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 Þ	26 M	26 F Starfsdagur-ferð	26 S	26 F Sumarfrjór í garðinum
27 S		27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M		28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ		29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M		30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F			31 Þ		31 S Gamliársdagur	31 M		31 S	31 F	31 F		31 M

Í reglum um leikskólabjónustu segir:
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.